

Skýrsla stjórnar 2018

Vatns- og fráveitufélag Íslands (VAFRÍ) var stofnað 17. apríl 2009. Stofnfélagar voru þá 41 talsins. Félagar eru nú 150 talsins.

Helstu markmið félagsins eru að stuðla að öruggum vatnsveitum, bættum vatnsgæðum og vistvænum fráveitum. Félagið vill auka þekkingu á vatns- og fráveitumálum með markvissum hætti og miðla reynslu til fagaðila og almennings.

Í stjórn VAFRÍ sátu áfram Hrund Ó. Andradóttir (formaður, prófessor HÍ), Íris Þórarinsdóttir (gjaldkeri, tæknistjóri fráveitu Veitna), Arndís Ósk Ólafsdóttir (ritari, tæknistjóri vatnsveitu Veitna), María J. Gunnarsdóttir (meðstjórnandi, sérfræðingur HÍ) og Sigurjón Kjærnested (meðstjórnandi, forstöðumaður fagsviða og staðgengill framkvæmdastjóra hjá Samtökum orku- og veitufyrirtækja á Íslandi, Samorku).

Á árinu 2017-2018 starfaði félagið að fjölbreyttum málefnum og viðburðum:

1. Vatns- og fráveitumál í brennidepli á árinu
2. Vísindaferð á Suðurland
3. Málþing til heiðurs Degi Jónssonar, vatnsveitustjóra
4. Stofnun nefndar um hönnun vatnavirkja
5. Norrænt samstarf
6. Vísindaferð til Norðurorku
7. Innheimta félagsgjalda

1. Vatns- og fráveitumál í brennidepli á árinu

Óhætt er að segja að vatns- og fráveitumál hafi verið í brennidepli á árinu. Í byrjun júlí hófst hávær umræða í tengslum við bilun í dælustöð á Faxaskjóli sem varð til þess að óhreinsuðu skólpi var veitt í sjóinn í rúmlega tvær vikur. Í september kom út skýrsla umhverfisstofnunar sem dróg upp dimma mynd af stöðu fráveitna á Íslandi. Einum mánuði seinna kom út skýrsla Samtaka lðnaðarins og félags ráðgjafafyrirtækja á Íslandi sem gaf fráveitum og vegakerfinu verstu einkunn fyrir innviði á Íslandi. Fréttaskýringapátturinn "Kveikur" fjallaði ítarlega og heildstætt um fráveitumál á RÚV um miðjan nóvember. Nýr lektor í umhverfisverkfræði hefur störf við Háskóla Íslands næsta haust með sérþekkingu á skólphreinsun með membrum. Í vor hafa svo komið fréttir af Mývatni þar sem verið er að fara óhefðbundnar leiðir í fráveitumálum, sem verður kynnt í erindi Ragnhildar Gunnarsdóttur á aðalfundi VAFRÍ hér á eftir.

Mikil vakning hefur orðið á náttúrulegum lausnum við brýnum umhverfisvandamálum. Þannig var Dagur vatnsins 2018 tileinkaður „*Nature for water*“, þ.e. hvernig hægt er að virkja ferla úr náttúrunni til að minnka flóð, minnka þurrka og viðhalda vatnsgæðum. Vakin var athygli á blágrænumar ofanvatnslausnum og á mikilvægi vatnsverndar á þessum degi. Fyrir nokkrum dögum var settur á fót Votlendissjóður sem stefnir að því að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda á Íslandi með endurheimt votlendis. Vistbyggðarráð hélt morgunfund um borgina sem viskerfi 6. apríl 2018 þar sem m.a. var greint frá verkefnum á döfinni í höfuðborginni. Háskóli Íslands hlaut þriggja ára styrk frá Rannsóknasjóði Rannís til að rannsaka snjóbráð í þéttbýli og virkni gróðursvelgja í Urriðaholti. Garðabær, Urriðaholt ehf, Veðurstofa Íslands, og Háskóli Íslands, stefna að uppbyggingu rannsóknarmiðstöðvar á sviði blágrænna regnvatnslausna í Urriðaholti í Garðabæ. Fjárfest verður í hátækni veðurstöð með fjölþættum veður- og jarðvegs mælingum. Veðurstofa Íslands hefur einnig hug á að fjölga veðurmælingum á höfuðborgarsvæðinu í samvinnu við sveitarfélög. Sigurður Grétar Sigmarsson verður með erindi um meðhöndlun ofanvatns á aðalfundi VAFRÍ.

Veturinn sem leið var óvenjulega kaldur í samanburði við fyrri ár. Árið 2018 hófst með fréttum af jarðvegsgerlum í drykkjarvatni Reykvíkinga og víðar í kjölfar mikilla úrkomu. Slegið var met í fjölda vatnsútkalla í lok febrúar þegar mikla leysinga gætti.

Komin er fram tillaga að nýrri EB tilskipun um neysluvatn þar sem gert er ráð fyrir að allar eftirlitsskyldar vatnsveitur hafi fyrirbyggjandi innra eftirlit. Íslendingar hafi staðið sig vel og sett upp slíkt eftirlit hjá stærri og sumum meðalstórum vatnsveitum. Margar minni vatnsveitur, hins vegar, hafa ekki slíkt eftirlit og glíma við endurtekin tilfelli af saurmengun í neysluvatni. Í tillögunni er gert ráð fyrir að hægt sé fækka eða hætta mælingum á ákveðnum eftirlitspáttum, sem eru alltaf langt undir mörkum, ef slíkt innra eftirlit er til staðar. Það á þó ekki við um þætti sem eru vísar á sjúkdómsvaldandi örverur. Einnig er í tillögunni gert ráð fyrir að bæta upplýsingaflæði til almennings.

2. Vísindaferð á Suðurland

Eftir síðasta aðalfund VAFRÍ var farið í vísindaferð á Suðurland. Fræðst var um vatnsveitur Grímsnes og Grafningshrepps. Seyruvinnslustöðin á Flúðum var skoðuð. Þar er seyru úr rotþróum í fjórum sveitafélögum safnað saman, hún kölluð áður en henni er keyrt á uppgræðslusvæði á vegum Landgræðslunnar. Hrunammannahreppur hlaut á dögnum Landgræðsluverðlaun Ríkisins fyrir þetta árangursríka frumkvöðlastarf. Ný skólphreinsistöð í byggingu á Brautarholti var skoðuð. Þá var farið í bjórsmökkun í Ölvisholti, þar sem vel var tekið á móti okkur og svo endað í pizzu í Þrastalundi. Félagið þakkar starfsfólki tæknisviðs uppsveita fyrir frábærar móttökur.

3. Málþing til heiðurs Degi Jónssonar, vatnsveitustjóra

Mikið fjölmenni sótti hálf dags málþing VAFRÍ sem minntist framlaga Dags Jónssonar til fagsviðs veitna miðvikudaginn 27. september síðastliðinn. Dagur var afkastamikill veitustjóri sem lét til sín taka á breiðum vettvangi innan vatns- og fráveitugeirans. Hann var m.a. stjórnarmeðlimur VAFRÍ um nokkurra ára skeið. Vinir og samstarfsmenn Dags sögðu sögur af Degi og störfum hans á skemmtilegan og eftirminnilegan hátt. Nálgastr má dagskrá og kynningar á vefsíðu félagsins, vafri.hi.is, undir flípanum viðburðir.

4. Stofnun nefndar um hönnun vatnavirkja

Fulltrúar stjórnar VAFRÍ og Samorku áttu fund með Umhverfis og auðlindaráðuneytinu til að hvetja til stofnunar nefndar um hönnun vatnavirkja. Skilað var inn minnisblaði til ráðuneytisins og lagt áhersla á að mikilvægt væri að halda þessari vinnu áfram. Nú þegar skýrsla Vísindanefndar um loftlagsmál er að koma út (á morgun) þá verður tækifæri til að aðlagð vinnuna niðurstöðum hennar og vonandi halda vinnunni áfram.

5. Norrænt samstarf

Haft var samband við Vidar Lund sem er stjórnarmaður í Norsk Vannforening, sem eru samskonar samtök og VAFRÍ í Noregi. Ákveðið var að nýta norrænu vatnsveitiráðstefnuna sem verður í Osló í júní til þess að efla sambönd samtakanna innan norðurlandana.

6. Vísindaferð til Norðurorku

Föstudaginn 23. mars héldu um 15 félagar frá Reykjavík í heimsókn til Norðurorku á Akureyri. Farið var yfir vatnstöku úr Vaðlaheiðargöngum, og göngin skoðuð. Skoðaður var grunnur af fráveituhreinsistöð, en nýverið var boðin út bygging hennar. Heimsótt var ein dælustöð fráveitunnar. Starfsfólk Norðurorku tóku vel á móti hópnum og var ferðin mjög skemmtileg í alla staði.

7. Innheimta félagsgjalda

Innheimta félagsgjalda hófst 23. apríl 2018. Greiðsluseðlar hafa verið sendir til 14 aðildarfyrirtækja sem greiða aðild fyrir um 115 félagsmenn. Í félagsskrá eru um 150 einstaklingar.